

Mánudaginn 20. janúar 1997.

Nr. 17/1997.

Olíuverslun Íslands hf.

(Ásgeir Þór Arnason hrl.)

gegn

Björgólfi Jónssyni

Jóni Björgólfssyni og

Grétari Björgólfssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Ættaróðal. Aðild. Lögvarðir hagsmunir. Frávísunarúrskurður staðfestur að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. janúar 1997. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. desember 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi, en fyrir liggur, að héraðsdómara barst kæra sóknaraðila 20. desember 1996. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Málsaðila greinir á um, hvort sóknaraðila sé heimilt að leita nauðungarsölu til fullnustu á kröfu samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 17. maí 1994 af Guðmundi Björgólfssyni, að fjárhæð 2.335.762 krónur. Samkvæmt hljóðan skuldabréfsins er það tryggt með 6. veðrétti í jörðinni Tungufelli í Breiðdal með samþykki varnaraðilans Björgólfs Jónssonar og Valborgar Guðmundsdóttur, sem þar eru sagðir þinglýstir eigendur jarðarinnar. Skuldabréfinu var þinglýst 13. júlí 1994.

Fyrir héraðsdómi voru mótmæli varnaraðila gegn kröfu sóknaraðila um nauðungarsölu einkum reist á því, að jörðin Þorvaldsstaðir hefði 5. ágúst 1952 verið gerð að ættaróðali, en með byggingarbréfi 17. mars 1955 hafi eigandi jarðarinnar, Jón Björgólfsson, byggt syni sínum, varnaraðilanum Björgólfi, fjórðung hennar til lífstíðarábúðar. Með skiptagerð 30. október 1955 hafi þessi fjórðungshluti verið afmarkaður frá öðru landi jarðarinnar og hann síðan fengið heitið Tungufell með leyfi menntamálaráðherra 29. nóvember sama ár. Skjölum um þessar ráðstafanir hafi verið þinglýst, en í fasteignabók hafi ranglega verið farið með efni þeirra á þann hátt, að varnaraðilinn Björgólfur sé þar talinn eigandi Tungufells, sem hafi þó hvorki gerst árið 1955 né síðar. Á þeim grunni hafi átölulaust verið þinglýst á jörðina veðböndum, sem Björgólfur hafi stofnað til. Að auki fari um Tungufell eftir sérreglum um óðalsjarðir, enda sé það hluti jarðarinnar Þorvaldsstaða, sem sé óumdeilanlega ættaróðal. Samkvæmt þeim reglum hafi verið óheimilt að setja Tungufell að veði með því skuldabréfi, sem sóknaraðili styðji kröfu sínar við.

II.

Í málalíbúnaði varnaraðila er aðild Jóns og Grétars Björgólfs-sona að málinu studd þeim rökum, að samkvæmt b-lið 63. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, njóti þeir sem synir Björgólfs Jónssonar „óðalsréttar“ til jarðarinnar Tungufells.

Samkvæmt fyrirnefndu lagaákvæði gengur ættaróðal ásamt fylgifé til barna óðalsbónda, að frágengnum maka hans, ef hann hefur ekki gert aðrar ráðstafanir. Í 1. mgr. 64. gr. jarðalaga, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, er ráðgert, að óðalsbóndi og maki hans komi sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum hans taki óðal að arfi. Varnaraðilarnir Jón og Grétar hafa ekki borið því við í málinu, að foreldrar þeirra hafi gert ráðstafanir til, að þeir taki við ættaróðali af föður sínum. Þá er í málalíbúnaði varnaraðila ekki heldur við það miðað, að jörðin Tungufell sé sérstakt ættaróðal, heldur sé hún hluti Þorvaldsstaða, sem ákvæði VII. kafla jarðalaga, sbr. 11. gr. laga nr. 90/1984, taki til. Er því ekki sýnt fram á neina þá sérstöku hagsmuni varnaraðilanna Jóns og Grétars af máli þessu, sem unnt er að styðja við aðild þeirra að því. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, hvað þá varðar.

Fallist verður á með héraðsdómara, að við úrlausn málsins verði ekki byggt á því, að varnaraðilinn Björgólfur Jónsson hafi öðlast eignarheimild yfir jörðinni Tungufelli með þeim löggerningum frá árinu 1955, sem áður er getið.

Í úrskurði héraðsdómara er niðurstaða á því reist, að varnaraðilinn Björgólfur sé ekki þinglýstur eigandi Tungufells, heldur faðir hans, Jón Björgólfsson, sem lést árið 1960, en dánarbúi hans hafi ekki verið skipt. Dánarbúinu hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í málinu eða fyrir sýslumanni vegna kröfu sóknaraðila um nauðungarsölu. Af þeim sökum var málinu vísað frá dómi án kröfu.

Sóknaraðili hefur lagt fram í Hæstarétti ný gögn, sem hann telur leiða í ljós, að þessar forsendur fyrir niðurstöðu héraðsdómara séu ekki á rökum reistar. Eru þetta nánar tiltekið staðfest ljósrít úr uppskriftarbók Breiðdalshrepps, þar sem er að finna uppskrift hreppstjóra á eignum og skuldum dánarbús Jóns Björgólfssonar 23. júní 1960 svo og staðfest ljósrít ódagsettrar erfðafjárskýrslu frá sama ári vegna dánarbúsins.

Í þessum gögnum um skipti á dánarbúi Jóns Björgólfssonar er hvergi vikið að eignarréttindum að jörðunum Þorvaldsstöðum eða Tungufelli. Verður því ekki annað ráðið af þeim en að réttilega verði að telja jarðirnar enn í eigu dánarbúsins. Ekkert liggur fyrir um, hvort erfingjar Jóns Björgólfssonar hafi fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúi hans eða hvort það sé til opinberra skipta, en um kröfu sóknaraðila um nauðungarsölu á eign þess verður að gæta að ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Hvað sem því líður, hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á, að unnt sé að telja varnaraðilann Björgólf með réttu gerðarþola við þá nauðungarsölu, sem sóknaraðili krefst.

Framangreindur annmarki á málatilbúnaði sóknaraðila, ef ekki verður úr honum bætt, getur ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar, að staðfesta verði að niðurstöðu til ákvörðun sýslumanns um að stöðva nauðungarsölu á jörðinni Tungufelli. Eru því ekki skilyrði til að vísa málinu frá dómi. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi, að því er varðar kröfur sóknaraðila

á hendur varnaraðilanum Björgólfi Jónssyni, og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að því leyti.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Málinu er vísað frá héraðsdómi, að því er varðar varnaraðilana Jón Björgólfsson og Grétar Björgólfsson.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, hvað varðar kröfur sóknaraðila, Olíuverslunar Íslands hf., á hendur varnaraðilanum Björgólfi Jónssyni. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að því leyti.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. desember 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 10. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem haldið er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. Z-5/1996.

Sóknaraðili er Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Björgólfur Jónsson, kt. 281119-2149, Tungufelli, Breiðdal, Suður-Múlasýslu, Jón Björgólfsson, kt. 130747-2139, Fjarðarbraut 63, Stöðvarfirði, og Grétar Björgólfsson, kt. 110551-4609, Sæbergi 16, Breiðdalsvík. Þeir Jón og Grétar kveðast leiða aðild sína að málinu af c-lið 63. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að ómerkt verði með úrskurði dómsins sú ákvörðun sýslumannsins á Eskifirði að stöðva nauðungarsölumeðferð jarðarinnar Tungufells í Breiðdal og að úrskurðað verði, að sýslumanni beri að halda fram gerðinni. Krefst sóknaraðili úrskurðar þess efnis, að veðskuldabréf, út gefið 17. maí 1994 af Guðmundi Björgólfssyni með veði í nauðungarsöluandlaginu, sé gild nauðungarsöluheimild. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast þess, að nauðungarsölumeðferð á jörðinni Tungufelli í Breiðdalshreppi verði felld niður með úrskurði dómsins og að veðsetning jarðarinnar með veðskuldabréfi, dagsettu 17. maí 1994, út gefnu af Guðmundi Björgólfssyni, sé ógild. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningisþóknun.

Með bréfi sýslumannsins á Eskifirði, dagsettu 30. ágúst sl., bárust dóminum staðfest endurrit úr nauðungarsölubók Eskifjarðar vegna máls þessa ásamt þar fram lögðum málskjölum nr. 1-32. Í bréfinu kemur fram, að framhald uppboðs hafi verið háð á eigninni sjálfri 26. ágúst 1996 og að það hafi verið stöðvað vegna ágreinings málsaðila um það, hvort jörðin Tungufell í Breiðdal væri óðalsjörð í skilningi jarðalaga nr. 65/1976. Bréf þetta og meðfylgjandi gögn bárust dóminum 3. september sl., en lögmönnum aðila 4. sama mánaðar.

Með bréfi, dagsettu 12. september sl., sendi sóknaraðili dóminum kröfugerð sína og gögn málsins. Þar á meðal var frumrit þess skuldabréfs, sem sóknaraðili reisir mál sitt á. Verður að telja, að málgögnin hafi borist héraðsdómi svo snemma, að skilyrðum 5. mgr. 73. gr. síðastnefndra laga sé fullnægt.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 28. október 1996. Málið var endurupptekið í því skyni að afla frekari gagna 2. desember 1996 og tekið til úrskurðar að loknum endurflutningi þann dag.

— — —

Niðurstöður.

Upphafleg mótmæli varnaraðila við nauðungarsölumeðferð byggðust á því, að jörðin Tungufell væri sérstök óðalsjörð, og virðast varnaraðilarnir Jón og Grétar styðja aðild sína að málinu við það.

Hins vegar breyttust málsástæður varnaraðila fyrir dómi að þessu leyti, og er í máli þessu deilt um það, hvort Tungufell í Breiðdal sé hluti af óðalsjörðinni Þorvaldsstöðum og því háð lagakvöðum óðalsréttar, svo að óheimilt sé að selja Tungufell til lúkningar skuldum eins og þeirri, er liggur til grundvallar uppboðsbeiðni sóknaraðila.

Samkvæmt áðurnefndu byggingarbréfi var varnaraðilanum Björgólfi Jónssyni einungis leigð jörðin Tungufell til lífstíðarábúðar. Málið var endurupptekið í því skyni, að lögð yrði fram skrá sýslumanns á Eskifirði um óðalsjarðir og að afla yrði upplýsinga hjá embættinu um skipti á dánarbúi Jóns Björgólfssonar, fyrrum eiganda Þorvaldsstaða. Við endurupptöku málsins kom fram hjá varnaraðilum, að Jón Björgólfsson dó 10. maí 1960, en kona hans, Guðný Jónasdóttir, dó fimm árum áður. Þá sé skiptum á dánarbúi Jóns ekki lokið, en samkvæmt upplýsingum frá varnaraðilum hafi Þorvaldsstaðir átt að skiptast milli fjögurra sona Jóns, en börn hans séu þrettán talsins. Á jörðinni Þorvaldsstöðum búi nú tveir sonar Jóns, Pétur og Guðmundur, en Björgólfur Jónsson sé ábúandi á Tungufelli.

Í málinu liggur frammi ljósrit þinglýsingarvottorðs frá 26. ágúst 1996, þar sem eigandi Tungufells er sagður Björgólfur Jónsson. Ekki er tilgreint í

vottorðinu, á grundvelli hvaða heimildarbréfs, eins og venja er, en sagt, að það bréf sé dagsett sama dag og áður nefnt byggingarbréf, þ. e. 17. mars 1955.

Hins vegar kemur fram í veðmálabók á eignasíðu í athugasemdadálki, að eigandi jarðarinnar Tungufells sé Jón Björgólfsson. Virðist sem stöfunum „db“ hafi síðar verið bætt við. Einnig er upplýst í málinu, að strikað var yfir þessa ritun um, að eigandi væri dánarbú Jóns Björgólfssonar, en ekki hefur reynst unnt að upplýsa um ástæður þess, að svo var gert. Við meðferð málsins hjá sýslumanni lá frammi ljósrit úr veðmálabókinni. Í bókinni er hvergi getið um heimildarskjal fyrir því, að jörðin sé eign Björgólfs Jónssonar, heldur er á eignasíðu bókarinnar einungis getið um þau þrjú skjöl, sem áður hafa verið rakin, það eru byggingarbréfið frá 17. mars 1955, skiptagerðin frá 30. október 1955 og heimild menntamálaráðuneytisins um nafngift á „nýbýli úr landi Porvaldsstaða“. Gögn þessi lágu einnig frammi við fyrirtökur hjá sýslumanni, en eðli málsins samkvæmt ber ekkert af áður nefndum skjölum með sér, að Björgólfur Jónsson hafi fengið beina eignarheimild yfir eigninni og sé því þinglýstur eigandi, þó að hann hafi ráðstafað henni sem slíkur, eins og fram kemur í veðskuldabréfi til grundvallar uppboðsbeiðni. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 verður þinglýstur eða skráður eigandi eignar þeirrar, sem krafist er uppboðs á, talinn gerðarþoli við nauðungarsölumeðferð. Er hér um að ræða atriði, sem sýslumaður átti að kanna af sjálfsdáðum, sbr. 1. mgr. 13. gr. sömu laga. Hins vegar fékk Björgólfur Jónsson, en ekki dánarbú föður hans, tilkynningar sýslumanns um uppboðsmeðferð. Þá sendi sóknaraðili Björgólfi Jónssyni greiðsluáskorun samkvæmt 9. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, en ekki dánarbúi Jóns Björgólfssonar.

Samkvæmt framansögðu var dánarbúi Jóns Björgólfssonar ekki gefinn kostur á að koma að nauðungarsölumeðferð og hafa uppi athugasemdir og jafnframt möguleiki á að vera aðili að þessu máli. Afstaða dánarbúsins til nauðungarsölu og þess ágreinings, sem hér er uppi fyrir dóminum, hefur því ekki komið fram. Verður því ekki hjá því komist að vísa því frá dómi án kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.